


Skráningarskylda atvinnureksturs




Umhverfis- og auðlindaráðuneytið vinnur að því að bæta viðmót og einfalda aðgengi að stjórnsýslu vegna atvinnurekstrar. Í drögum að reglugerð um skráningarskyldu er Umhverfisstofnun gert að halda utan um skráningar fyrir skráningarskylda atvinnustarfsemi.

Á vefsíðu Umhverfisstofnunar verður beint aðgengi að upplýsingum vegna skráningarskylds atvinnureksturs, svo sem skilyrði sem um hann gilda sem og skráð fyrirtæki.

Á forsíðu vefsíðu Umhverfisstofnunar munu flýttivísar bætast við, fyrir ofan fréttirnar, sem veita aðgang að þessum vefsíðum.

Nú þegar er á vefsíðu Umhverfisstofnunar að finna starfsleyfisskilyrði og mun álíka listi vegna skráningarskyldu verða aðgengilegur hvar allir geta kynnt sér skilyrðin. Þar efst mun verða beint aðgengi að innskráningu vegna atvinnurekstrarins.

Innskráning mun notast við innskráningarþjónustu island.is, þar verður hægt að nota hvort sem er Íslykil eða rafræn skilríki.



Skráningarskylda atvinnureksturs

Eftir innskráningu er notandi kominn á Gagnagátt Umhverfisstofnunar þar sem hann sér jafnframt upplýsingar um aðra þjónustu sem hann sækir til Umhverfisstofnunar.

Viðmótið er snjalltækjavænt og aðlagast mismunandi skjástærðum.

Í þessu tilfelli er viðkomandi einnig veiðimaður og sér helstu upplýsingar um veiðikort sitt og getur endurnýjað það og eða sótt rafræna útgáfu þess.

Viðkomandi hefur ekki þegar skráð atvinnurekstur og fær því upp annars vegar tengil á áður nefnda síðu með upplýsingum um skráningarskyldan atvinnurekstur, og hins vegar takka til að hefja skráningarferli nýs reksturs.

Valmynd

Þitt nafn ▶

Skráningarskylda atvinnureksturs

Þú ert ekki með skráðan atvinnurekstur.

Þú getur kynnt þér meira um skráningarskyldan atvinnurekstur á [vef Umhverfisstofnunar](#).

Skrá atvinnurekstur

Veiðikort

Þú ert með veiðikort númer 34000. Þetta kort er í gildi.

Kortið gildir fyrir veiðar á:
fuglum
refum og minkum

Veiðiskýrsla og veiðikort

Útskráning

Útskráning

Skráningarskylda atvinnureksturs

Hafi notandi þegar skráð atvinnurekstur sér viðkomandi hvað er skráð og getur tilkynnt um breytingu fyrir einstaka rekstur ef þess þarf.

Þessi notandi hefur hér þegar skráð tvær dýrasnyrtistofur og tvær hárgreiðslustofur.

Notandi getur verið einstaklingur eða fyrirtæki – hafi viðkomandi Íslykil eða rafræn skilríki til að skrá sig inn.

Þannig getur fyrirtæki skráð allar starfsstöðvar sínar sem lúta að skráningarskyldu.

Allur skráður atvinnurekstur lýtur svo eftirliti viðkomandi heilbrigðisnefndar eins og fram kemur í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Valmynd

Þitt nafn ▶

Skráningarskylda atvinnureksturs

Þú hefur skráð eftirfarandi atvinnurekstur:

Dýrasnyrtistofur

Mýkri feldur - Breiðstræti 7, 134 Hvergiborg

Mýkri feldur - Séstvallagötu 74, 377 Hvergibæ

Hárgreiðslustofur

Lafði lokkaprúð - Séstvallagötu 72, 377 Hvergibæ

Lafði lokkaprúð - Varlagötu 2, 377 Hvergibæ

Þú getur kynnt þér meira um skráningarskyldan atvinnurekstur á [vef Umhverfisstofnunar](#).

Skrá atvinnurekstur

Veiðikort

Þú ert með veiðikort númer 34000. Þetta kort er í gildi.

Kortið gildir fyrir veiðar á:
fuglum
refum og minkum

Veiðiskýrsla og veiðikort

Útskráning

Útskráning

Skráningarskylda atvinnureksturs

Valmynd Þitt nafn ▶


Nýskráning atvinnurekstrar

Upplýsingar úr Þjóðskrá

Nafn	Þitt nafn Þínsbur
Kennitala	3413871329
Lögheimili	Sésvallagata 72, 377 Hvergibæ

Tengiliðaupplýsingar

Aðsetur	<input type="text" value="Sésvallagata 74"/>
Símanúmer	<input type="text" value="9663425"/>



Við nýskráningu atvinnurekstrar er hægt að hafa mismunandi tengiliðsupplýsingar fyrir hverja starfsemi, til dæmis nafn, netfang og símanúmer stöðvarstjóra ef svo á við.

Ábyrgur aðili er þó ávallt sá sem skráir starfsemina, hvort sem er einstaklingur eða fyrirtæki.

Svæðin sem sjást í skjáskotinu hér til hliðar, eru eins og í öðrum skjáskotum, ekki endanleg útfærsla.

Skráningarskylda atvinnureksturs

Valmynd Þitt nafn ▶

Nýskráning atvinnurekstrar

Upplýsingar um starfsemi

Skráð atvinnustarfsemi

Ég staðfesti að starfsemin stenst skilyrði sem gilda um hana

Ég staðfesti að starfsemin er leyfileg samkvæmt deiliskipulagi

Lýsing á umfangi starfsemi

Staðsetning

Heimilisfang starfsemi

Sveitarfélag

Fastanúmer eignar

Við skráningu er tegund starfsemi valin og skráningaraðili staðfestir að skilyrði séu uppfyllt, bæði vegna deiliskipulags sem og vegna áður nefndra skilyrða um starfsemi.

Notandi fyllir út lýsingu á umfangi starfseminnar – kröfur um hvað þarf að geta hér geta verið mismunandi eftir starfsemi og verður útlistað nánar í skilyrðum. Ávallt mun þó þurfa að gefa starfseminni heiti sem og tilgreina hvenær rekstur á að hefjast.

Starfsemin er bundin við fastanúmer eignar, notandi skráir inn heimilisfang og fastanúmer eignar er fundið sjálfkrafa. Ef um mörg fastanúmer er um að ræða á sama heimilisfangi fær notandi upp valglugga til að velja fastanúmerið.

Ef skráningaraðili er ekki skráður eigandi þessarar fasteignar þá verður tilkynning um skráningu starfseminnar send á eiganda fasteignarinnar í pósthólf viðkomandi á island.is.

Þessi tilkynning er send að skráningarferli loknu.

Skráningarskylda atvinnureksturs

Fyrir hverja skráningu er innheimt skráningargjald – skráning tekur ekki gildi fyrr en við greiðslu þessa gjalds sem er lokaþrepið í skráningarferlinu.

Boðið verður upp á hefðbundnar greiðsluleiðir á netinu.

Við greiðsluna tekur skráningin gildi og viðkomandi heilbrigðisnefnd fær tilkynningu um að starfsemin sé skráð á svæðinu.

Rekstraraðili fær sendan tölvupóst með rafrænu eintaki af staðfestri skráningu sem og tengil á skilyrðin sem atvinnureksturinn skal starfa eftir. Einnig er tilkynning send í pósthólf viðkomandi á island.is.

Hægt er að breyta skráningu síðar meir eins og tiltekið verður í skilyrðum og á vef Umhverfisstofnunar.

Valmynd

Þitt nafn ▶

Skráningarskylda atvinnureksturs

Þú hefur skráð eftirfarandi atvinnurekstur:

Dýrasnyrtistofur

Mýkri feldur - Breiðstræti 7, 134 Hvergiborg

Mýkri feldur - Séstvallagötu 74, 377 Hvergibæ

Hárgreiðslustofur

Lafði lokkaprúð - Séstvallagötu 72, 377 Hvergibæ

Lafði lokkaprúð - Varlagötu 2, 377 Hvergibæ

Þú getur kynnt þér meira um skráningarskyldan atvinnurekstur á [vef Umhverfisstofnunar](#).

Skrá atvinnurekstur

Veiðikort

Þú ert með veiðikort númer 34000. Þetta kort er í gildi.

Kortið gildir fyrir veiðar á:
fuglum
refum og minkum

Veiðiskýrsla og veiðikort

Útskráning

Útskráning

Drög
REGLUGERÐ

um skráningarskyldan atvinnurekstur.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að bæta viðmót og einfalda aðgengi að stjórnýsly og auka skilvirkni með því að taka upp skráningu atvinnurekstrar í miðlæga rafræna gátt.

Jafnframt er það markmið reglugerðarinnar að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómenguðu umhverfi.

Loks er það markmið reglugerðarinnar að koma í veg fyrir eða að draga úr losun út í andrúmsloft, vatn og jarðveg og koma í veg fyrir myndun úrgangs í því skyni að vernda umhverfið.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um skráningarskyldan atvinnurekstur sem tilgreindur er í viðauka við reglugerð þessa.

3. gr.

Skráningarskylda.

Rekstraraðili skráningarskylds atvinnurekstrar, sbr. viðauka, skal skrá starfsemina sína hjá Umhverfisstofnun áður en hún hefst.

Óheimilt er að hefja skráningarskyldan atvinnurekstur fyrr en skráning hefur farið fram, skráningargjald greitt og Umhverfisstofnun hefur sent rekstraraðila staðfestingu skv. 7. gr.

Umhverfisstofnun staðfestir skráningu rekstraraðila þegar hann hefur skráð fullnægjandi upplýsingar og staðfest yfirlýsingu um að starfsemi hans sé í samræmi við gildandi löggjöf.

4. gr.

Upplýsingar um starfsemi, yfirlýsing rekstraraðili og staðfesting á skráningu.

Rekstraraðili skal skrá upplýsingar um rekstraraðila, lýsingu á tegund starfseminnar, umfangi hennar og umfangi einstakra rekstrarþátta, staðsetningu starfseminnar, svo sem fastanúmer fasteignar þar sem starfsemi fer fram, og eiganda hennar ásamt öðrum upplýsingum eða gögnum sem Umhverfisstofnun telur nauðsynleg. Rekstraraðili skal við skráningu lýsa því yfir að hann uppfylli þær almennu kröfur sem gilda um atvinnureksturinn, að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun húsnæðis eða aðstöðu og að skráðar upplýsingar um starfsemina séu réttar.

Þegar fullnægjandi upplýsingar og yfirlýsing rekstraraðila liggja fyrir staðfestir Umhverfisstofnun skráninguna og tilkynnir rekstraraðila, eiganda fasteignar og viðkomandi heilbrigðisnefnd um skráningu atvinnurekstrar. Umhverfisstofnun sendir jafnframt upplýsingar um starfsemina til viðkomandi heilbrigðisnefndar.

Umhverfisstofnun skal leiðbeina rekstraraðila um hvaða reglur gilda um starfsemi hans.

Umhverfisstofnun skal hafa upplýsingar um skráð fyrirtæki aðgengileg á vefsvæði sínu.

5. gr.

Almenn starfsskilyrði.

Umhverfisstofnun gefur út almennar kröfur sem gilda um skráningarskyldan atvinnurekstur, sbr. viðauka, þar sem fram koma þær kröfur sem gerðar eru til hlutaðeigandi atvinnurekstrar.

Umhverfisstofnun skal hafa almenn starfsskilyrði aðgengileg á vefsvæði sínu.

6. gr.

Ábyrgð rekstraraðila.

Rekstraraðili skráningarskylds atvinnurekstrar ber ábyrgð á því að starfsemi hans sé í samræmi við gildandi löggjöf, sé skráð og að skráðar upplýsingar um starfsemi hans séu réttar.

7. gr.

Skráning.

Umhverfisstofnun sendir rekstraraðila rafræna staðfestingu um að starfsemi hans sé skráð. Umhverfisstofnun skal upplýsa heilbrigðisnefndir um skráningar rekstraraðila.

8. gr.

Breytingar á starfsemi.

Rekstraraðila ber að skrá upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á skráningarskyldri starfsemi með hæfilegum fyrirvara hjá Umhverfisstofnun

9. gr.

Eftirlit.

Heilbrigðisnefnd fer með eftirlit með skráningarskyldum atvinnurekstri. Eftirlit með reglugerð þessari fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og eftir því sem við á reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi og reglugerð um hollustuhætti.

10. gr.

Gjaldtaka.

Um gjaldtöku fyrir skráningu og eftirlit fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og eftir því sem við á reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og reglugerð um hollustuhætti. Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir skráningu og breytingar á skráningu samkvæmt reglugerð þessari.

Heilbrigðisnefnd innheimtir gjald fyrir eftirlit með skráningarskyldum atvinnurekstri samkvæmt reglugerð þessari.

11. gr.

Málsmeðferð o.fl.

Um málsmeðferð og úrskurði, valdsvið, þvingunarúrræði og viðurlög fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

12. gr.

Afturköllun skráningar.

Rekstraraðili getur afskráð starfsemi sína hjá Umhverfisstofnun.

13. gr.

Lagastof og gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 1. og 3. mgr. 8. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 1. tölul. 4. gr. og 1. og 20. tölul. 5. gr. laganna. Þá er reglugerðin sett að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga um atriði er varðar skyldur sveitarfélaga, sbr. 3. mgr. 43. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Reglugerðin öðlast gildi 1. janúar 2020. Frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Við gildistöku reglugerðar þessarar ber hlutaðeigandi heilbrigðisnefnd að veita Umhverfisstofnun upplýsingar um þá starfsemi sem hefur gild starfsleyfi og fellur undir reglugerðina á sniðmáti sem Umhverfisstofnun ákveður sbr. 4. gr. reglugerðar þessarar. Umhverfisstofnun færir þær upplýsingar inn í miðlæga skrá sína eins fljótt og verða má. Áður en þessi starfsleyfi renna út ber rekstraraðila að skrá starfsemi sína samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 30. október 2019
Tilvísun: 2019080290

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um drög að reglugerð um skráningaskyldan atvinnurekstur

Vísað er til draga að reglugerð um skráningarskyldan atvinnurekstur, sbr. mál nr. 244/2019, birt í samráðsgátt þann 4. október 2019. Á samráðsgátt er málið á vegum umhverfis- og auðlindaráðuneytis (UAR) til umsagnar og meðfylgjandi gögn; drög að reglugerð, listi yfir fyrirtæki sem verða skráningarskyld og skráningarferli. Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi (SHÍ) gerðu umsögn á fyrri stigum, dags. 30. ágúst 2019, fyrir hönd Heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga (HES). Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur farið yfir þau gögn sem málinu fylgja og gerir eftirfarandi umsögn.

Almennt:

Einhverjar breytingar hafa orðið á reglugerðardrögum frá fyrri drögum dags. 10. júlí 2019. Þær breytingar hafa ekki leitt til þess að flækjustig og óvissa hafi minnkað en þau atriði voru harðlega gagnrýnd í umsögn SHÍ. Farið verður nánar yfir það misræmi sem er á milli viðauka í boðuðu lagafrumvarpi um breytingar á lögum nr. 7/1998 (hér eftir frumvarpið) sem kynnt var samhliða drögum að skráningarreglugerð (hér eftir skráningarreglugerð) hér á eftir.

Með minni aðkomu HES að ákveðnum fyrirtækjaflokkum er hætta á að öryggi almennings og umhverfis sé síður tryggt. Í ljós hefur komið að boðaðar breytingar munu hafa mikil áhrif á starfsumhverfi Heilbrigðiseftirlita sveitarfélaga (HES). Boðuð breyting eykur, að mati HER, flækjustig eftirlitsaðila sem og rekstaraðila mikið og að óþörfu. Óvíst er á þessu stigi hver kostnaðaráhrif af því verða fyrir HES og atvinnulífið í landinu.

HER minnir á að þau fyrirtæki sem í dag falla undir starfsleyfi HES varða á einhvern hátt alla íbúa landsins á hverjum degi, s.s. skólar, sundlaugar, snyrtistofur ýmis konar, bifreiðaverkstæði o.fl. Því þarf að fara varlega í allar breytingar og hafa í forgrunni áhrif á almenning og umhverfi út frá hollustuháttum og vörnum gegn mengun, eins og umhverfis- og samgöngunefnd ásamt Sambandi íslenskra sveitarfélaga (SÍS) hafa komið fram með.

Á þessu stigi hefur ekki verið skoðuð áhrif boðaðra breytinga til samræmis við kröfur annarra embætta um að framvísa gildum starfsleyfum frá HES. Sem dæmi má nefna að í faglegum lágmarkskröfum embættis landlæknis til sjúkráþjálfunar sem nálgast má á vef embættis landlæknis segir að starfsleyfi gefið út af HES fyrir tilgreint húsnæði sjúkráþjálfunarstofu skuli liggja fyrir. Svipað gildir um nám í hársnyrtiiðn en hársnyrtistofur sem taka nema í vinnustaðanám þurfa að hafa gilt starfsleyfi frá HES sbr. reglur um nemaleyfi í faginu. Það er ljóst að sú breyting að gera ákveðnar starfsgreinar skráningarskyldar hefur mun viðtækari áhrif en gert er ráð fyrir í skráningarreglugerð. Séu viðaukar bornir saman á milli frumvarpsins, í skráningarreglugerð og svo í frumdrögum að breytingum á hollustuháttareglugerð nr. 941/2002 sem væntanlega kemur fljótlega til umsagnar, kemur í



Reykjavíkurborg

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Ljós enn meira flækjustig. Lítið samræmi er á milli viðauka þessara þriggja skjala og er það gagnrýnivert að ekki hafi farið fram samræming á milli þeirra. Sem dæmi má taka að í drögum að endurskoðaðri hollustuháttareglugerð er daggæsla dagforeldra með sex börn eða fleiri, frístundaheimili og önnur félagsaðstaða og dægradvöl, heimili og stofnanir fyrir börn og unglinga með sex börn eða fleiri, sjúkraþjálfun og snyrtistofur að finna í viðauka I yfir starfsleyfissskylda starfsemi þeirrar reglugerðar. HER telur það eðlilegt þar sem um starfsemi er að ræða sem þarf vegna eðlis utanumhald og reglubundið eftirlit. Samkvæmt skráningarreglugerðinni varðandi þessa starfsemi er gert ráð fyrir að allir þessir starfsemisflokkar verði hvorki starfsleyfis- né skráningarskyldir, sjá frekari athugasemdir við það hér að neðan.

Gerðar eru athugasemdir við að vinna vegna áhættumats faghópa UST og HES lá ekki fyrir við vinnslu frumvarps og skráningarreglugerðar né heldur forsendur þess áhættumats sem unnið var í UAR og lagt var til grundvallar.

Það sem síðan er alvarlegast varðandi málið er að á engan hátt er hægt að sjá ávinning með skráningarreglugerðinni er varðar stuðning við meginmarkmið laga nr. 7/1998 varðandi almannaheill, öryggi og umhverfisgæði sem og markmið skráningarreglugerðar boða líka. Hægt hefði verið á einfaldan hátt að bregðast við kröfum um aukna rafræna stjórnábyrgð, endurskoðun fyrirtækjaflokka sem mögulega mættu falla úr listum í gildandi regluverki og annað sem hefði verið til bóta og einföldunar. Í staðinn er komið fram með skráningarreglugerðina án þess að þetta lægi fyrir og almennileg greiningarvinna gerð á hvort og þá hvaða vandamál hefði legið fyrir og þannig hægt að greina og laga það sem þyrfti.

Athugasemdir við einstaka greinar:

1. gr. Markmið. HER gerir alvarlegar athugasemdir við efnistöð greinarinnar. Búið er að bæta við greinina frá fyrri drögum að markmiðið sé að bæta viðmót og einfalda aðgengi að stjórnábyrgð og auka skilvirkni með því að taka upp skráningu í miðlæga gátt. Það er gott markmið en hvernig það er útfært er fallið til að auka flækjustig. Boðað er millistig í stjórnábyrgðslunni þannig að fyrirtæki sem verða skráningarskyld og undir eftirliti HES þurfa að skrá sig hjá Umhverfisstofnun (UST) og greiða skráningargjald þar auk þess sem að UST á að leiðbeina fyrirtækinu um skyldur sínar. Eftir það á UST að upplýsa viðkomandi HES um skráninguna og þá er komið að eftirliti HES, sem fer fram eftir skráningu. HES þarf að skrá fyrirtækið í sitt skráningarkerfi og málaskrá, rannsaka hvort rekstur standist skipulag, hvort samþykktar byggingarnefndarteikningar liggja fyrir og síðan að gera úttekt/fara í eftirlit með því hvort starfsemin uppfylli kröfur laga og reglugerða. Eftirlitið og umsýsla við skráningar og annað er svo gjaldfært hjá viðkomandi HES. Staðan er þá þannig að sum starfsemi er skráningarskyld hjá UST en eftirlitsskyld hjá HES, önnur starfsleyfissskyld hjá UST eða starfsleyfissskyld hjá HES, starfsemi bæði skráningarskyld hjá UST og starfsleyfissskyld hjá HES (t.d. matvæla fyrirtæki og fyrirtæki með margþætta starfsemi) og loks starfsemi sem er hvorki starfsleyfis- eða skráningarskyld en samt eftirlitsskyld hjá HES. Hér er um fimm mismunandi leiðir að ræða eftir því um hvernig starfsemi er að ræða, í stað starfsleyfa öllum tilvikum áður.

HER telur ekki ljóst hvernig uppfylla á markmið skráningarreglugerðar um að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði og vernda þau gildi sem felast í heilnæmu og ómengduðu umhverfi. Breyting á orðinu starfsleyfi yfir í skráningarskyldu auk minni aðkomu og utanumhalds HES um rekstur gerir það ekki, nema síður sé. Með því að fella út starfsleyfissskyldu sem er mikilvægur rammi utan um viðkomandi starfsemi er verið að



gjaldfella mikilvægi þess að HES hafi yfirsýn yfir þá starfsemi sem getur valdið mengun og/eða haft áhrif á öryggi almennings. Á það er sérstaklega bent að fyrirtæki undir eftirliti HES hafa ekki kvartað undan starfsleyfisskyldu sem er bæði ódýr, einföld og skilvirk. Leiðbeiningaskylda HES veitir mikilvæga ráðgjöf sem fyrirtæki þurfa annars mögulega að verða sér út um með auknum tilkostnaði.

2. *gr. Gildissvið.* Fram kemur að atvinnurekstur sem verður skráningarskyldur komi fram í viðauka. Erfitt er að átta sig á hvaða aðferð hefur verið beitt til að velja atvinnurekstur á þennan lista. Eins er óljóst samhengið á milli listans og viðauka í frumvarpinu sem lagt var fram samhliða reglugerðinni. Áhættumat sem unnið var í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu hefur ekki enn fengist afhent til skoðunar. Ekki liggur fyrir á hvaða forsendum það byggir né hvernig það er lagt til grundvallar. HER leggur til að vinna faghópa UST og HES við áhættumat verið lokið, prófuð og að í framhaldinu teknar ákvarðanir um mögulegar breytingar.

3. *gr. Skráningarskylda.* Þar kemur fram að rekstraraðilar skuli skrá sig hjá UST. HER vísar til athugasemda hér að ofan varðandi óþarfa flækjustig og mögulega aukinn kostnað fyrir rekstraraðila. Einfaldari leið er fær og er HER tilbúið að koma að slíkri vinnu með UAR.

4. *gr. Upplýsingar um starfsemi, yfirlýsing rekstraraðila og staðfesting á skráningu.* Búið er að bæta við greinina málsgrein sem tekur til leiðbeiningaskyldu UST gagnvart rekstraraðila en ekki er minnst á lögboðna leiðbeiningaskyldu eftirlitsaðilans sem í þessu tilfelli er HES. Þá er gert ráð fyrir að UST hafi upplýsingar um skráningarskylda starfsemi á heimasíðu sinni en engar kröfur um að stjórnvaldið sem fer með eftirlitið eigi að hafa slíkt aðgengilegt á sinni heimasíðu t.d. jafnhliða að birta eftirlitsskýrslur. Spurning er hvort þetta leiði til gagnsæis, einföldunar og bætts aðgengi fyrir almenning og rekstraraðila að upplýsingum. Einnig er búið að bæta við greinina ákvæði um að húsnæði skuli vera samþykkt til viðkomandi notkunar sem er jákvætt og er til þess fallið að draga úr rekstri sem ekki stenst skipulag. HER bendir á að þrátt fyrir að yfirlýsing rekstraraðila um hann uppfylli skyldur sínar liggja fyrir þarf HES samt sem áður að sinna rannsóknarskyldu sinni eins og gert er nú í samræmi við ákvæði stjórnsýslulaga og því er vinna við skráningu fyrirtækisins jafn mikil og ef um starfsleyfisskyldan rekstur væri að ræða. Þá er ekki ljóst af greininni á hvaða stigi aðkoma HES er. Bent er á 2. málslið greinarinnar en af honum má skilja að UST sendi HES ekki upplýsingar um starfsemina fyrr en UST hefur staðfest skráninguna. Ef það er réttur skilningur byggir skráningin einungis á upplýsingum frá rekstraraðila og eru ekki sannreyndar, þar sem rannsóknarvinna HES fer ekki fram fyrr en upplýsingar um starfsemina hafa borist frá UST. Ekki er ljóst hvað gerist ef forsendur skráningar eru rangar, þ.e. ef t.d. kemur í ljós að starfsemi er ekki í samræmi við lýsingu á henni eða í samræmi við skipulag. HER telur nauðsynlegt að fyrir liggja hvað gerist með skráninguna sem slíka í þeim tilvikum.

5. *gr. Almenn starfsskilyrði.* SHÍ hafði í umsögn sinni á fyrri stigum gert athugasemd við að ekki væri útfært að heilbrigðisnefndir gætu sett sértæk skilyrði þar sem það á við jafnhliða almennum skilyrðum. HER bendir á að rekstur fyrirtækja með sama yfirheiti getur verið innbyrðis mjög ólíkur að umfangi og eins getur staðsetning skipt miklu máli. Að mati HER þarf að vera skýrt að heimildir séu fyrir hendi til að taka á rekstri sem þarf flóknari skilyrði þó hann sé orðinn skráningarskyldur. Sá skilningur hefur verið í núgildandi kerfi að starfsleyfisskilyrði hafi ekki lögformlegt gildi nema þau séu tengd við starfsleyfi. Því þarf að liggja ljóst fyrir hvert verður lögformlegt gildi starfsskilyrða. Einnig þarf að samlesa ákvæði annarra reglugerða til samræmis við fyrirhugaða skráningarreglugerð, t.d. hollustuháttareglugerð nr. 941/2002 og reglugerð um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi nr. 884/2017 auk skilyrða og regluverks annarra embætta sbr. athugasemdir í almenna



7. gr. *Skráning.* Við greinina hefur bæst að UST skuli upplýsa HES um skráningar rekstaraðila. Ítrekað er það sem komið hefur fram hér áður um leiðir til einföldunar í stað þess að UST verði milliliður. Í umsögn SHÍ á fyrri stigum kom fram að best væri að úttekt færi fram á rekstri áður en hann hefst en ekki er tekið tillit til þess hér. HER vill ítreka þá athugasemd enda er það reynslan að þeir aðilar sem HES hefur eftirlit með finnast gott að fá "maður á mann" leiðbeiningar og upplýsingar áður en rekstur hefst. Það er oftast en ekki íþyngjandi og kostnaðarsamt fyrir rekstaraðila að þurfa að fara í úrbætur eftir á.

8. gr. *Breytingar á starfsemi.* Þar kemur fram að rekstraraðilar eigi að skrá hjá UST fyrirhugaðar breytingar með hæfilegum fyrirvara. Ekki er ljóst hver sá fyrirvari er né hvaða breytingar þetta gæti átt við. Ekkert kemur heldur fram um það hvort UST eigi að tilkynna viðkomandi HES um breytingar á rekstri. SHÍ gerði svipaðar athugasemdir á fyrri stigum. Í skráningargátt þarf að tiltaka hvað telst breytingar sem tilkynna skuli, t.d. þarf að mati HER að tilkynna sérstaklega flutning á starfsemi. Margir rekstraraðilar líta ekki á flutning sem breytingu á rekstri en við flutning getur starfsemi færst innan svæða HES sem og á milli svæða HES. HER telur nauðsynlegt að skýrt sé að tilkynna eigi um breytingar á starfsemi til HES. Einnig þarf að ávarpa hvað gera skuli ef HES finnur óskráða skráningarskylda starfsemi eða ef starfsemi er flutt þegar HES kemur í eftirlit.

9. gr. *Eftirlit.* Tekið hefur verið tillit til athugasemda SHÍ en bæta þarf við öðrum þeim reglugerðum og almennum ákvæðum þeirra eftir því sem við á.

12. gr. *Afturköllun skráningar.* SHÍ gerði athugasemdir við að UST bæri ekki að senda HES tilkynningar um afskráningu skráningarskyldra fyrirtækja og gerir HER athugasemdir við að það hafi ekki fengist í gegn. Hins vegar var greininni breytt og felld út ákvæði um "lokaeftirlit" HES sem er vel enda óljóst hvernig slíkt eftirlit fer fram eða hvernig hægt væri að gjaldheimta fyrir slíkt. Gera þarf kröfu um að rekstraraðilar afskrái rekstur ef rekstri er hætt ella safnast upp "draugaskráningar" í skránni. Afskráningar þurfa að berast HES sem þarf sín megin að afskrá úr sínum tölvukerfum.

13. gr. *Lagastoð og gildistaka.* Bætt hefur verið við greinina setningu frá fyrri drögum um að samráð hafi verið haft við Samband íslenskra sveitarfélaga (SÍS) um setningu reglugerðarinnar um atriði sem varða skyldur sveitarfélaga sbr. ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir. Skýtur það skökku við í ljósi þess að SÍS hefur m.a. gagnrýnt hversu langt er gengið með skráningarreglugerðinni og ekki tekið tillit til álits umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um að stíga eigi varlegar til jarðar í breytingum er varðar almannahagsmuni og umhverfisgæði. Þá hefur SÍS einnig gagnrýnt það háa flækjustig sem boðað er með drögnum. HER tekur undir það álit SÍS sem og þingnefndarinnar og telur að skoða þurfi þetta mál mun betur og greina hvort hagkvæmni náist og þá hver hún er. HER telur óraunhæft að reglugerðin taki gildi 1. janúar 2020 og bendir jafnframt á ósamræmi milli ákvæða í frumvarpinu sem er samhliða skráningarreglugerðinni, vinnu sem á eftir að fara í við reglugerð nr. 550/2018 og að klára þarf endurskoðun hollustuháttareglugerðar nr. 941/2002.

Það yrði mikið óhagræði að því ef af verður, að gildistími skráningarreglugerðar og frumvarps fari ekki saman sem og að ekki væri búið að vinna að samræmingu þar og víðar. Í viðauka við skráningarreglugerðina er þó nokkuð um starfsemisflokka eða um 40 talsins sem eiga að verða skráningarskyldir en þá starfsemi er ekki að finna í frumvarpinu. Það verður ekki skilið öðruvísi en svo að skráningarskyldan falli niður við gildistöku frumvarpsins í þeim tilvikum. Skráningarskyldan ætti líka einungis við brot af fyrirtækjum í allmörgum



Viðauki við drög að skráningarreglugerð og aðrir viðaukar:

Viðaukann við skráningarreglugerðina þarf að skoða í samhengi við tillögu að nýjum viðauka IV í frumvarpinu og lista í greinargerð með frumvarpinu, gr. 7 en þar er listi yfir 71 starfsemisflokk sem lagt er til að verði hvorki starfsleyfis- né skráningarskyldur (hér eftir listinn). HER telur að allt of langt sé gengið í þeim tillögum og um leið að gengið sé of langt í að færa starfsemi úr því að vera starfsleyfis- né skráningarskyld. Minnt er á að starfsemi sem HES veitir nú starfsleyfi og hefur eftirlit með, kemur við sögu allra landsmanna á hverjum degi, eftirlit snýr m.a. að öryggi og aðbúnaði viðkvæmustu hópa landsmanna s.s. barna og aldraðra og mengunarvörnum, geymslu á og umgengni við hættuleg efni og mengandi efni.

Einhverja starfsemisflokka vantar í viðauka við skráningarreglugerðina og þar sem þá er ekki heldur að finna í viðauka IV með frumvarpinu er ekki annað að skilja en að sú starfsemi verði hvorki starfsleyfis- né skráningarskyld. Má þar nefna frístundaheimili og önnur félagsaðstaða og dægradvöl, sjá nánar í fylgiskjali þar sem finna má samanburð á viðaukum. Í fylgiskjalinu er einnig að finna tillögur HER að því hvaða starfsemi í viðauka við skráningarreglugerðina ætti að vera áfram starfsleyfis- né skráningarskyld. Enn fremur tillögur HER að því hvaða starfsemi á listanum sem lagt er til að verði hvorki starfsleyfis- né skráningarskyld verði starfsleyfis- né skráningarskyld. Hér verða nefnd fáein dæmi.

Mengandi starfsemi sem ætti að vera áfram starfsleyfis- né skráningarskyld að mati HER:

- Almenningsalerni – m.a. vegna skipulagsmála og fráveitu, m.a. vegna verndarsvæða og ferðamannastaða.
- Átöppun og þökkun ýmissa efnasambanda – hættuleg efni, olíur, spilliefni, ónæði og umgengni.
- Niðurrif húsa og annarra bygginga – þörf á úttekt áður en starfsemi hefst, þörf á samræmingu við byggingarfulltrúa og Vinnueftirlit, HES þarf að geta stöðvað ferlið ef gögn vantar frá þeim aðilum. Jafnframt þarf að endurskoða ákvæði um auglýsingar í reglugerð nr. 550/2018 þar sem að niðurrif getur borið brátt að, t.d. vegna bruna, og rífa þarf mannvirki öryggisins vegna.
- Stórar vörugeymslur – geta verið birgðageymslur fyrir efnavöru og olíur, jafnvel tugi þúsundir lítra af olíum.
- Verkstæðisaðstaða hjá fyrirtækum með ólíka starfsemi og einnig verktakar - Oft mikil umgengnisvandamál, spilliefni, olíur og efnavara.

Hollustuháttastarfsemi sem ætti að vera áfram starfsleyfis- né skráningarskyld að mati HER:

- Akstursípróttasvæði - Hávaði, ónæði, umgengni, olíur og spilliefni.
- Daggæsla í heimahúsum fyrir sex börn eða fleiri – Öryggi og aðbúnaður yngstu barna.
- Heimili og stofnanir fyrir börn og unglunga með sex börn eða fleiri – öryggi og aðbúnaður, viðkvæmur hópur.
- Snyrtistofur – ífarandi meðferðir s.s. efnum sprautað gegnum húð og hætta á að verði neðanjarðarstarfsemi.
- Samkomuhús – Geta verið mikil grenndaráhrif, hávaði og ónæði.

Með samanburði á gildandi viðaukum IV og V í lögum nr. 7/1998 og boðuðum breytingum,



kemur í ljós að þrír starfsemisflokkar eru í gildandi viðaukum en finnast ekki í nýjum tillögum. Það eru litun og bleiking, viðhald og niðurrif skipa og áburðarframleiðsla úr lífrænum efnum. Í öllum tilfellum er um að ræða starfsemi sem getur verið stórlega mengandi og ónæðissöm og verður að gera kröfu um að hún verði áfram starfsleyfisskyld.

Niðurstaða og tillögur HER:

HER telur að ef skráningarreglugerð verður samþykkt að óbreyttu verði um óvissu- og óreiðuástand að ræða bæði fyrir rekstraraðila sem og HES. Lagt er til að staldrað verði við og málið verði í heild endurskoðað og þá til samræmis við ákvæði annarra laga og reglugerða sem byggja á lögum nr. 7/1998. HER telur einnig að rétt væri að fara í greiningarvinnu á hvort og hvaða vandamál liggja til grundvallar svo viðamiklum breytingum. Í því samhengi væri vert að skoða hvernig atvinnurekendum á eftirlitssvæðum HES líður með þjónustu HES og hvort og hvernig starfsleyfisskylda er hamlandi rekstri fyrirtækjanna. HER hefur einnig bent á að ef orðið „starfsleyfisskylda“ þyki íþyngjandi á einhvern hátt og því sem hún inniber, þá er mesta einföldunin að breyta því orði yfir í skráningarskyldu hjá þeim fyrirtækjum sem HES hefur eftirlit með. Það hefur hvort eð er komið skýrt fram hjá UAR að fyrirtækin eiga eftir sem áður að uppfylla lagalegar skyldur sínar. HER tekur undir það sem fram hefur komið hjá UAR að endurskoða þarf regluverkið og viðauka með tilliti til þess hvort einhverja starfsemi vantar eða megi fella út. Ljóst er að nokkrum fyrirtækjaflokkum er ofaukið varðandi starfs- og eftirlitsskyldu í dag. Aftur á móti ítrekar HER það sem fram hefur komið áður að sveigjanleiki þarf að vera í regluverki, s.s. varðandi „aðra sambærilega starfsemi“ eins og t.d. er tiltekið í frumdrögum að endurskoðun hollustuháttareglugerðar.

Eins og áður hefur komið fram leggur HER til að vinna faghópa UST og HES við áhættumat verði lokið, það prófað og það mat lagt til grundvallar mögulegum breytingum. Allar breytingar þurfa svo að styðja við markmið laga um hollustuhætti og mengunarvarnir ásamt reglugerðum byggðu á lögnum.

HER ítrekar þá skoðun að það sé óþarft að bæta inn skráningu hjá UST sem millilið og telur það einungis auka flækjustig og kostnað fyrir rekstraraðila. Að mati HER hefði verið einfaldara að skylda fyrirtæki til sækja rafrænt um starfsleyfi eða þau skrái sig í gegnum eina gátt og að tilkynning komi beint til viðeigandi eftirlitsaðila án milliliða. Gátt HES á island.is fyrir rafrænar starfsleyfisumsóknir, var t.d. stofnuð fyrir nokkrum árum. HER styður allar aðgerðir sem geta einfaldað ferla og aukningu á rafrænni stjórnsýslu. HER telur líka tækifæri til einföldunar sé falin í að færa aukin verkefni frá UST til HES og þar með sveitarfélaganna þar sem þekking á nærumhverfinu er mest auk annarra augljósra þátta til hagræðingar s.s. ferðatíma, viðbragðstíma o.fl. Það er löngu tímabært að UST fái svigrúm til að sinna leiðbeininga- og samræmingarskyldu sinni til HES og að mati HER ættu því verkefni er varða starfsleyfis- eða skráningarskyld fyrirtæki ef það verður ofaná og eftirlit með þeim að vera sem mest hjá HES.

Nauðsynlegt er að kostnaðargreining er varðar alla aðila liggja fyrir til að hægt sé að meta áhrifin út frá öllum áhrifaþáttum. Einnig þarf að liggja fyrir, ef af verður, haldgóðar leiðbeiningar til atvinnurekanda og eftirlitsaðila áður en gildistaka getur átt sér stað. Jafnframt þarf að fara tímanlega í viðamikla kynningu á breytingum og gera ráð fyrir fjármagni í hana.

Í ljósi alls ofangreinds telur HER óraunhæft að reglugerðin taki gildi 1. janúar 2020 og bendir jafnframt á ósamræmi milli gildistöku ákvæða í lagafrumvarpinu sem er samhliða skráningarreglugerðinni, auk vinnu sem á eftir að fara í við að breyta reglugerð nr. 550/2018



Reykjavíkurborg


Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

og við endurskoðun hollustuháttareglugerðar nr. 941/2002. Einnig er löngu tímabært að heildarendurskoða lög nr. 7/1998 þannig að þau verði betra vinnutæki, skýra framsalsheimildir, samræma reglugerðir sem byggja á lögnum o.fl. HER telur þá vinnu mögulega þá mikilvægustu að byrja á og jafnhliða þarf að vinna að einföldun og hagræðingu í nýju regluverki byggt á lögnum. Þetta þarf að vinna með opnum huga með öllum hagaðilum og greina í byrjun hvar skóinn kreppi og finna lausnir samkvæmt því.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur áskilur sér rétt til að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum og ítrekar vilja til að koma að frekri vinnu við málið til að einfalda og skýra sjónarmið sín.

Virðingarfyllst

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur


Árný Sigurðardóttir
framkvæmdastjóri


Guðjón Ingi Eggertsson
heilbrigðisfulltrúi

Meðfylgjandi:

Fylgiskjal HER - Skráningarreglugerð.

Víðaukar IV og V í 7/1998

Samsvörun í nýjum víðauka IV

Samsvörun í Skráningarrg.

Samsvörun í lista yfir starfs. sem
dettur út - eða er ekki á
áðurnefndum listum

Niðurstaða

1. Vinnsla úr járnri og öðrum málmum.

1.1 Málmseygur, aðrar en í víðauka I.	80. Vinnsla málna, önnur en í víðauka I.			Startsleyfsskylt
	75. Vinnsla á hrájárnri eða stáli, önnur en í víðauka I. 80. vinnsla á málmum, önnur en í víðauka I.	9.1	Stálsmiði og stálskipagerð	Skráningarskylt
1.2 Stálsmiði og stálskipagerð.				
	75. Vinnsla á hrájárnri eða stáli, önnur en í víðauka I. 80. vinnsla á málmum, önnur en í víðauka I.	9.2	Völsunar-, víra- og stangaverksmiðjur	Skráningarskylt
1.3 Völsunar-, víra- og stangaverksmiðjur.				
	75. Vinnsla á hrájárnri eða stáli, önnur en í víðauka I. 80. vinnsla á málmum, önnur en í víðauka I.	1.	Nagla- og skruframlöðsla	Fellur niður
1.4 Nagla- og skruframlöðsla.				
		9.3	Vélaframlöðsla	Skráningarskylt í 6 mán, fellur svo niður
1.5 Vélaframlöðsla.				
	1.6 Vinnsla á málmum í raftekniðnaði, t.d. rafgeymaverksmiðjur og verkstæði.	9.4	Vinnsla á málmum í raftekniðnaði, t.d. rafgeymaverksmiðjur og verkstæði	Skráningarskylt
	80. Vinnsla málna, önnur en í víðauka I.			
	83. Yfirborðsmefferð málna eða plastefna, önnur en í víðauka I.	2.7	Vinnsla með plast- og frauðefni	Skráningarskylt
1.7 Mefferð og húðun málna.				
	1.8 Vinnsla á hrájárnri og stáli, önnur en í víðauka I.			Startsleyfsskylt
	79. Vinnsla jármlausra málna, önnur en í víðauka I.			Startsleyfsskylt
1.9 Bræðsla og málmblanda sem ekki er járn- eða stálvinnsla, önnur en í víðauka I.				
	1.10 Yfirborðsmehöndluð með rafgeimingur eða efnareðilegar aðferðir, önnur en í víðauka I.	2.7	Vinnsla með plast- og frauðefni	Skráningarskylt
	1.11 Annar sambærilegur atvinnurekstur í málmíðnaði, rafíðnaði og tækjagerð.	3.	Annar sambærilegur atvinnurekstur í málmíðnaði, rafíðnaði og tækjagerð	Fellur niður
2. Vinnsla og úrvinnsla á kalki, leir, steinum og sambærilegum jarðefnum.				
	2.1 Steinnöðun og framlöðsla á ofanibúrdi og fyllingaröfnum.	78.	Vinnsla jarðefna, önnur en í víðauka I.	Startsleyfsskylt
	2.2 Steinsmiði.	78.	Vinnsla jarðefna, önnur en í víðauka I.	Fellur niður
		4.	Steinsmiði	Fellur niður

